

## GJALDSKRÁ

**fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð.**

## 1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt, í samræmi við 7. gr. samþykktar nr. 171/1995 um sorp-hirðu í Dalabyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps (sorpgjald) í Dalabyggð.

## 2. gr.

Gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps er árlega sem hér greinir:

		<i>Sorpirðu-</i> <i>gjald</i>	<i>Sorpeyðingar-</i> <i>gjald</i>	<i>Samtals</i>
a)	Íbúðir í þéttbýli	kr. 26.946	13.467	40.413
b)	Aukasorpílát í þéttbýli	kr. 13.420	6.707	20.128
c)	Íbúðir í dreifbýli og frístundahús	kr. 13.922	6.958	20.879
d)	Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	kr. 26.946	13.467	40.413

Gjald þetta skal innheimta með fasteignagjöldum ár hvert.

## 3. gr.

Gjaldskrá söfnunarstöðvar í Búðardal er sem hér segir:

<i>Flokkur</i>	<i>kr./kg m. vsk.</i>
Pressanlegur úrgangur	21,65
Ópressanlegur úrgangur	32,48
Málað timbur eða plasthúðað	32,48
Óflokkaðir málmar	5,43
Blandaður pappír	23,85
Dagblöð og tímarit	23,85
Plastumbúðir, harðoplast	21,65
Fatnaður	21,65
	<i>m³ kr. m. vsk.</i>
Móttökugjald fyrir stakan farm	0,25 1.139
	0,5 2.277
	0,75 3.416
	1 4.554

Gert er ráð fyrir að komið sé með flokkað sorp á söfnunarstöðina að öðrum kosti greiðist 20% álag á ofangreint verð.

Ekki er innheimt gjald af íbúum sem koma með tilfallandi úrgang frá heimilum sínum í hóflegu magni (< 3 m³ í hvert skipti).

Atvinnurekstur skal ávalt greiða fyrir móttöku og flokkun hjá söfnunarstöðinni.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 14. desember 2017 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1291/2016.

*Búðardal, 15. desember 2017.*

**Sveinn Pálsson** sveitarstjóri.